

Mánudaginn 27. febrúarmán.

Nr. 48/1887.

Verzlunarstjóri E. E. Möller  
 gegn  
 hreppsnefndinni í Hrafn-  
 gilshreppi.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Akureyrar, gengnum 13. júlí f. á., var áfrýjandi þessa máls, verzlunarstjóri E. E. Möller á Akureyri, fyrir hönd eigenda bræðsluhúsanna á Torfunefi, dæmdur til að greiða hreppsnefnd Hrafnagilshrepps 50 kr. með vöxtum frá 25. febr. 1887 til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður. — Þessum dómi hefur E. E. Möller áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. septbr. f. á., og þar krafizt, *fyrst og fremst* að hinn áfrýjaði hjeraðsdómur og öll meðferð málsins í hjeraði verði dæmt ómerkt, og að málinu verði vísað frá hjeraðsdóminum, og honum dæmdur málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirdómi með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati, *en til vara* að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum hinnar stefndu hreppsnefndar í Hrafnagilshreppi, og honum dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi að fullu eptir rjettarins mati.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, sem hefur fengið gjafsókn bæði fyrir undir- og yfirdómi og sjer skipaðan talsmann, krafizt að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað fyrir yfirdómi eins og væri það eigi gjafsóknarmál.

Að því kemur til aðalkröfu áfrýjanda, sem sje að

málinu verði vísað frá hjeradsdómi, þá er hún byggð á því, að hreppsnefndaroddivitinn í Hrafnagilshreppi hafi ekki haft neitt umboð til að leggja mál þetta til sátta. En það er sannað í málinu, að hreppsnefndin á fundi í janúarmán. 1887 fól oddvita sínum framkvæmdir í máli þessu, ef á þyrfti að halda með lögsókn—kæran til sáttanefndarinnar er dags. 25. febr. s. á.—og þurfti hann því ekkert sjerstakt umboðsskjal, sjá tilskipun 4. maí 1872 11. grein. Aðalkrafa áfrýjanda verður því ekki til greina tekin.

Að því sjálft efni málsins suertir, eru málsatvik þessi. Árið 1876 lagði hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi fátækra-útsvar á bræðsluhúsin á Torfunefi, sem er í Hrafnagilshreppi, að upphæð 240 fiska eða reiknað til peninga 66 kr. 66 aur. Áfrýjandi, sem umráðandi bræðsluhúsanna, skoraði þá á hreppsnefndina að fráfalla kröfu sinni, með því að hann álitir, að ekki væri lagaheimild til að leggja útsvar á þau; en hreppsnefndin sat við sinn keip. Ljet þá E. E. Möller hana vita, að hann gæti ekki borgað hið umrædda útsvar fyr en hann fengi umboð til þess frá eigendunum, og stakk upp á, að báðir partar ættu rjett sinn geymdan, þangað til hann gæti fengið svar og umboð frá eigendunum. Þetta brjef Möllers er dagsett 23. jan. 1877; en það virðist svo sem hreppsnefndin hafi ekki viljað ganga að þessu, því að 19. febr. 1877 beiddi hún hlutadeigandi sýslumann um að taka útsvarið lögtaki, en hann færðist undan. Á meðan á þessu stóð, virðist áfrýjandi hafa leitað til eigendanna um þetta mál, því 25. júní 1877 skrifar hann hreppsnefndinni í Hrafnagilshreppi, og kveðst vegna

eigenda bræðsluhúsanna á Torfunefi ganga inn á að borga 50 kr. til hreppsins árlega, án tillits til þess, hvort útsvör í hreppnum verði hærri eða lægri en þau nú eru, og lýsti hann því yfir, að gjaldkeri mætti ganga að þessari upphæð hjá sjer. Að þessu boði gekk hreppsnefndin, og hefur áfrýjandi E. E. Möller síðan árlega greitt þetta gjald með 50 kr., þangað til hann neitaði 1886 að borga það, og bera skjöl málsins það með sjer, að ástæðan til þessarar undanfærslu var sú, að niðurjöfnunarnefndin í Akureyrarkaupstað þá hafði lagt útsvar á hin sömu bræðsluhús, er áfrýjandi þó ekki áleit heimilt að lögum. Nú höfðaði hreppsnefndin mál gegn honum til lúknings þessari upphæð, og urðu þau úrslit á því, sem að ofan greinir.

Af öllu því, sem áfrýjandi fyr og síðar hefur gjört í þessu málefni, og sjerstaklega af skuldbindingarskjali hans frá 25. júní 1877, virðist að vísu mega ráða, að hann hafi fram boðið þetta gjald, af því hann hafi litið svo á, að honum væri skylt að greiða það, eða að minnsta kosti, að hann eða eigendur bræðsluhúsanna hafi álitíð, að það væri mjög svo vafasamt, hvort þeim gæti haldizt uppi að neita að greiða hreppnum útsvar. En eins og málið er flutt, getur það ekki komið til álita, hvort útsvar upphaflega hafi með rjettu verið lagt á bræðsluhúsin, heldur verða úrslit málsins eingöngu að vera komin undir þýðingu á hinu ofannefnda skuldbindingarskjali, og þá sjerstaklega undir því, hvort skilja megí það svo, að tilboð hans hafi verið bundið þeim skilmála, að útsvarsskylda hvíldi á bræðsluhúsunum að lögum. En þetta verður ekki leitt út úr skuldbindingarskjali-

inu, því að það er að eins bundið þeim skildaga, að hin framboðna upphæð haldist, þótt útsvörin í hreppnum framvegis kynnu að verða hærri en þau voru, þá er það var út gefið. Að áfrýjandi eða eigendur bræðsluhúsanna ekki hafa vitað, hver lög voru í þessu efni, getur ekki orðið þeim til góðs, og það því síður, sem nægur tími var fyrir þá til að komast að rjettri niðurstöðu um þetta, frá því að útsvarið var lagt á bræðsluhúsin, þangað til áfrýjandi gaf út hið optnefnda skuldbindingarskjal, og það að áfrýjandi í 9 ár umtalslaust hefur greitt gjaldið af hendi, án þess að gjöra hina minnstu tilraun til að fá útkljáð spursmálið um útsvarsskylduna, virðist eindregið að benda á, að hann hefur skoðað sig sem bundinn við loforð sitt án tillits til, hvort útsvar að rjettu lagi yrði lagt á bræðsluhúsin eða ekki.—Það verður því að skylda áfrýjanda til að greiða gjald það, sem í þessu máli um ræðir, með 5<sup>o</sup>/<sub>o</sub> vöxtum frá 25. febr. 1887 þangað til það verður greitt, og ber því, með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeradsdómsins um málskostnað, að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður. Hinum skipaða talsmanni hins stefnda greiðist sem málsvarnarlaun 10 kr. af almannaþje.

Að því leyti málið hefur verið flutt með gjafsókn, vottast að flutningur þess hefur verið lögmaður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Hinum skipaða talsmanni stefnda fyrir yfirdómi, málaflutnings-

manni Guðlaugi Guðmundssyni, greiðist 10 kr. í málsvarnarlaun af almannafje.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marzmán.

Nr. 47/1887: Vicekonsúll Jakob V. Havsteen  
gegn  
Stjórn hins eyfirzka ábyrgðarfjelags.

Dómur:

Áfrýjandi máls þessa, vicekonsúll J. V. Havsteen, fjekk vorið 1884 fyrir sína eigin hönd og meðeigenda sinna að hákarlaskipinu „Úlfi“ ábyrgð á nefndu skipi hjá hinu eyfirzka ábyrgðarfjelagi. Skipið var virt á 11544 kr., og tók fjelagið ábyrgð á  $\frac{3}{4}$  hlutum virðingarverðs þess, eða 8658 krónum samkvæmt 13. gr. fjelagslaganna, með því að skipið var talið fyrsta flokks skip. Samsumars eða haustið á eptir fórst nefnt skip gjörsamlega á sjó, og gjörði áfrýjandi þá kröfu til ábyrgðarupphæðarinnar hjá fjelaginu fyrir hönd allra skipseigendanna, en fjelagsstjórnin greiddi honum í þessu skyni að eins 8039 kr. 91 aur.; með því að hún áleit, að skipseigendur sjálfir ættu að bera 618 kr. 09 aur. af skaða þeim, er fjelagið hafði tekið ábyrgð á. Áfrýjandi lögsótti þá fjelagsstjórnina fyrir sína eigin hönd og hinna annara eigenda skipsins, til þess að fá hana dæmda til, að greiða nýnefnda upphæð 618 kr. 09 aura úr sjóði fjelagsins, en með aukarjettardómi Akureyrar-kaupstaðar, uppkveðnum 13. júlímán. f. ár, var fje-